

Mánudaginn 13. nóvember 1989.

Nr. 417/1989. **Jón Sigurðsson**
 gegn
Eyrarbakkaheppi.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. október 1989 samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Í greinargerð 30. október 1989 til Hæstaréttar hefur sóknaraðili sett fram málsástæður og lagarök, sem að réttu lagi áttu að koma fram í stefnu og greinargerð hans í héraði. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur aukadómþings Árnassýslu 9. október 1989.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að undangengnum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda föstudaginn 6. þ.m., hefur stefnandi, Jón Sigurðsson, nnr. 5183-3783, Engjaseli 52, Reykjavík, höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, út gefinni 29. október 1987 og fram lagðri í dóm 11. nóvember sama ár, á hendur Magnúsi Karel Hannessyni oddvita, nnr. 6261-4013, Garðhúsum, Eyrarbakka, fyrir hönd hreppsnefndar Eyrarbakkahepps.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 510.000,00 kr. ásamt dómvöxtum frá stefnudegi (svo í stefnu) til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og sú aðalkrafa gerð, að málinu

verði vísað frá dómi. Til vara er þess krafist, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum án árangurs.

Í máli þessu er stefndi annars vegar krafinn um greiðslu beitargjalds fyrir árin 1986 og 1987, að fjárhæð 210.000,00 kr., vegna eignarhluta stefnanda í beitilandi svonefndrar Flóagaflstorfu í Eyrarbakkaheppi og hins vegar um greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 300.000,00 kr., vegna skemmda á trjágróðri í eigu stefnanda af völdum sauðfjár dagana 8.-11. júní 1987.

Í þinghaldi 6. þ.m. lagði dómariinn fyrir stefnanda, sem flytur mál sitt sjálfur, en er ólöglaður, að skýra ýmis óljós atriði í málatilbúnaði sínum. Stefndi lýsti þá yfir því, að hann myndi ekki leggja fram frekari gögn máli sínu til stuðnings fyrir flutning um frávísunarkröfu stefnda. Var frávísunarkrafan því tekin til munnlegs flutnings þegar í þessu sama þinghaldi.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að kröfur stefnanda í máli þessu séu vanreifaðar. Ekki sé minnst einu orði á það, hvernig dómkrafan sé útreiknuð, hvorki í stefnu né greinargerð. Þá sé sá hluti kröfunnar, sem snýr að bótum vegna skemmda á trjágróðri, algerlega órökstuddur.

Stefndi krefst þess, að frávísunarkröfu stefnda verði hafnað.

Niðurstöður.

Eins og áður greinir, er stefndi annars vegar krafinn um beitargjöld, að fjárhæð 210.000,00 kr., og hins vegar skaðabætur, að fjárhæð 300.000,00 krónur.

Hvorki í stefnu né öðrum sóknarskjölum er að finna sundurliðun á framangreindum kröfufjárhæðum, og af gögnum málsins verður ekki heldur ráðið, hvernig fjárhæðir þessar eru fundnar. Krafa stefnanda um skaðabætur vegna skemmda á trjágróðri er einungis studd lögregluskýrslu, sem gefur litlar sem engar vísbendingar um það, hvert hafi verið raunverulegt tjónsumfang. Þá er stefna máls þessa þannig úr garði gerð, að erfitt er að koma auga á þær málsástæður, er stefndi reisir kröfur sínar á, og lagagrundvöllur kröfugerðar er óljós.

Það er grundvallarregla réttarfarslaga, sbr. 88. gr., 1. mgr. 105. gr. og 114. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981, að málantilbúnaður skuli vera skýr og glöggur. Telja verður samkvæmt framansögðu, að málið sé vanreifað af hálfu stefnanda og málantilbúnaður að öðru leyti ekki nægilega skýr og glöggur, til að dómur verði lagður á efni máls þessa. Þykir því óhjákvæmilegt að vísa málinu frá dómi.

Með vísan til 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936 verður stefndi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 30.000,00 krónur.

Dóm þennan kvað upp Þorgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, sem fékk málið til meðferðar 16. f.m.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Jón Sigurðsson, greiði stefnda, Eyrarbakkahreppi, 30.000,00 krónur í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
